

7/27.9.47
VISIR

Eftirtektarverð fræðigrein.

I.

Mér þótti gaman að sjá framvindufræðigrein Einarss B. Guðmundssonar í Vísí í dag (20 sept.). Það ber vott um svo merkilegan og gáfulegan áhuga, að höf. skuli hafa kynnt sér hina vandasönnu framvindufræði eins vel og á grein hans má sjá. Lærifaðir hans hefir verið Julian Huxley, sonarsonur hins fræga Th. H. Huxley, sem var einn af ágætustu samherjum Darwins. Það er ekki hægt að kynnast þessu mikla riti J. Huxleys, sem E. B. G. vitnar til, án þess að undrast hina stórkostlegu elju og ástundun, og tilsvaramandi lærdóm höfundarins. En ekki er því að leyndu, að mér virðist koma fram í þessu mikla verki, að höfundurinn hefir ekki haft nægan tíma til að hugsa. Hann er þarna hvorki eins viðsýnn, djúpsýnn né lang-sýnn, og hæfileikar hans eru til.

II.

Það var margt sem mér kom í hug, er eg las þessa grein E. B. G., en þó verð eg að sinni, að láta mér nægja að gera eina athugasemd. Það er fjarri því að vera rétt, þegar sagt er að mannkynið sé fullkomnasta lífmyndin hér á jörðu. Hitt er sönnu nær, að maðurinn sé sú lífmyndin sem gölluðust er. Frá öpunum, nánustu forfeðrum mannkynsins, er um mjög stórkostlega afturför að ræða, og það í aðalatriði. Maðurinn er langtum ófarsælli en aparnir, og hann er einnig langtum illvirkari en þeir. Það getur varla heitið, að kvöl og örvænting hafi verið til hér á jörðu, fyrr en mannkynið kemur til sögunnar. Það er ekki einungis að mennirnir hafi fengið að reyna kvöl og örvænting á svo miklu hærra stigi en dýrin, að varla verður saman jafnað, mennirnir hafa einn-

ig verið sinum líkum svo miklu verri, og athæfi þeirra á ýmsan hátt svo miklu viðbjóðslegra. Eg læt nægja að nefna það, að aldrei hafa apar étið apa, en mannakjötsát manna hefir verið algengt á þessari jörð, og er jafnvel ekki alveg úr sögunni ennþá. Mennirnir hafa notað vit sitt svo illa, og sjálf vitþróunin verið svo hægfara, að allar horfur eru á, að mannkynið muni, áður á löngu liður, verða liðið undir lok, ef ekki getur orðið stórkostleg stefnubreyting, sem þó heldur óvænlega horfir um, enn sem komið er. En ætt apanna, lið nánasta frændlið manna, mundi þó, eftir þau endalok eiga eftir að lifa um langan aldur. Matti þá segja,

ef svo færi, að illu heilli hafi forðum apakyn átt menn að niðjum.

Hjá próf. J. Huxley er ekki til, fremur en hjá öðrum lífræðingum sem mér er kunnugt um, skilningurinn á hinum tveim stefnum framvindunnar. Fróðlegri virðist mér í því efni, hin nýja bók „Fred eller Förintelse“, eftir jarðfræðinginn J. G. Andersson“, sem er cinn af ágætustu náttúrufraeðingum sænskum. Próf. dr. Dag Strömbäck i Uppsöllum hefir verið svo notalegur að senda mér þessa stórkostlegu bók Anderssonar nú fyrir skömmu, og vona eg að geta sagt nokkru nánar frá henni, áður á löngu liður.

Helgi Pjeturss.